



Leiðbeiningar fyrir setlaug frá NORM-X sem komið er fyrir með niðurfellingu í tréþall.

Þegar koma skal setlaug fyrir á venjulegum tréþalli er að mörgu að huga. Ef verið er að smíða nýjan þall þarf fyrst að fara fram jarðvegsskipti og setja frostfrían jarðveg á því svæði sem fyrirhugað er að staðsetja þallinn. Þegar það er klárt er hægt að hefja smíði á þallinum. Ef verið er að vinna við gamlan þall er nauðsynlegt að huga að undirstöðum þar sem staðsetja á setlaugina og tryggja að undirstöður geti borið þunga vatnsins. Þallurinn er smíðaður eftir venjubundnum aðferðum. Undirstöður þurfa að vera traustar og tryggt að þær hreyfist ekki. Vegna þunga vatnsins skal hafa fleiri undirstöður á því svæði á þallinum þar sem setlaug er staðsett. Vanda skal smíði tréþallsins og tryggja að palladekk og bitar undir palladekki geti ekki heyfst upp, niður eða til hliðar með tímanum.

Áður er palladekk er sett á bitana skal koma öllum lögnum (bæði vatns- og rafmagnslögnum) fyrir sem eiga að liggja að og frá setlauginni. Tengibúnaður fyrir setlaug er tengdur við þessar lagnir þegar setlaug er komið fyrir. Eins rafmagn ef það verður notað. Niðurfall undir botn setlaugar er oftast 90° hné með 50mm PVC barka sem drenlög. Tryggja þarf pláss fyrir niðurfallið, lágmark 15cm hæð og ca 15-20cm breidd. Passa þarf réttan vatnshalla á drenlög til að tæma lagnir fyrir frost.

Þegar staðsetja á setlaug er gott að hún sé staðsett ca 30-40 cm frá húsvegg eða skjólvegg til að lok á setlaug hafi pláss til að opnast. Tryggja skal að lok geti ekki lokast eða fallið tilbaka að sjálfu sér.

Vatnsþungi setlaugarinnar skal hvíla á setu og botn setlaugar en klæðning og brún setlaugarinnar á ekki að bera uppi vatnsþungann. Þægilegast er að láta setu setlaugarinnar hvíla á palladekkinu, fella neðri hlutann á setlauginni niður í þallinn. Þá er búið að uppfylla lágmarks hæð samkvæmt byggingarreglugerðum en það er 40 cm. Auðvelt er líka fyrir fólk að komast í og úr setlauginni þar sem hæð er ca. 59-69 cm sem klofa þarf yfir. Botn setlaugar fer því þannig niður í palladekkið og þar er búinn til annar þallur. Oftast úr sama timbri, dokaplötum eða krossvið. Sumir hafa farið þá leið að setja sand undir botninn. Sandurinn er þá þjappaður vel með vatni og þannig gengið frá að hann geti ekki runnið burt með tímanum.

Gera skal gat í palladekkið sem fylgir lögum setlaugarinnar, t.d. ef setlaug er hringlött þá verður gatið líka hringlaga. Ef setlaug er átthyrnt verður gatið líka átthyrnt. Gatið skal vera eins þröngt og hægt er og skal fylgja þeim málum sem NORM-X ráðleggur fyrir hverja tegund af setlaugum. Eins skal hæð á milli palladekks og neðri palls einnig vera eins og NORM-X ráðleggur. Annars gæti ábyrgð fallið úr gildi.

Ef setlaugin er útbúin með ljósum eða nuddbúnaði þarf að gera ráð fyrir þeim hlutum þegar bitar eru settir undir pallinn þar sem setlaugin er. Hugsanlega þarf að taka göt úr bitum vegna ljósa og lagna fyrir nudddælu. Ljós og inntak fyrir nudddælu eru yfirleitt staðsett á hliðum botnsins, undir palladekkinu. Því þarf að huga að því hvernig setlaug verður sett niður með þessum búnaði og hvernig ljós og inntak fyrir nudddælu lenda á bitum og öðru timbri sem er undir palladekkinu. Eins þarf að ákveða hvernig setlaug á að snúa gagnvart sól, vindi, legubekk og tröppu í setlaug. Einnig hvernig setlaug mun snúa þannig að best sé að fara í og úr setlauginni. Þegar það er ákveðið þarf líka að taka tillit til hvar ljósin lenda og hvar staðsetja á nudddæluna við setlaugina. Huga þarf líka að staðsetningu kúlulokans sem tæmir setlaugina og hvort notað verður framlengiskaft á kúlulokann.

Efir að setlaug hefur verið tengd við allar lagnir, í og úr, skal fylla setlaugina af vatni. Kanna skal ástand lagna, hvort einhver leki er. Ef ljós eða nudd er í setlauginni þarf líka að prófa þann búnað áður en klætt er kringum setlaug. Eftir að setlaug hefur verið fyllt einu sinni af vatni er hægt að fara að klæða kringum setlaugina. Klæðning fer eftir þeim aðstæðum sem eru í boði og þeim hugmyndum sem fólk hefur sjálft.

Við uppsetningu skal hafa í huga að hægt verði að komast að öllum lögnum, ljósum, nuddbúnaði, krönum og öðru sem þjónusta þarf af og til. Vatnspunginn getur orðið vel yfir 2 tonn. Vanda skal því allan frágang á smíði á undirstöðum og stuðning undir setlaugina.

Skýringamynd.

